

Menntun á Norðurlandi vestra

Veturinn 2013-2014 var gerð þarfagreining á framboði menntunar á Norðurlandi vestra. Niðurstöður benda til þess að menntunarstig svæðisins sé mjög lágt. Menntunarstig virðist hæst í Skagafirði, næst í Húnaþingi Vestra og lægst í A-Hún. Mjög stór hluti íbúa á aldrinum 18 til 45 ára er aðeins með grunnskólapróf.

Ljóst er að gera þarf átak í menntamálum á svæðinu. Mikil áhersla er lögð á eflingu háskólamenntunar og virðist sem svo að hið opinbera leggi höfuðáherslu þar á. Á þessu svæði á það ekki við þar sem framhaldsskólamenntun skortir.

Að mínu mati er þörf á því að styðja við þennan hóp á tvennan máta. Í fyrsta lagi er efla þann hóp sem hefur áhuga á því að sækja sér háskólamenntun. Það þarf að gera annað hvort með því að efla bóklegt nám á framhaldsskólastigi eða koma á fót formlegu samstarfi við t.d. Keili en frumgreinadeild Keilis er sú eina sem er metin við alla háskóla landsins. Í öðru lagi þarf að efla aðgang að iðnmenntun, það er hægt bæði með því að efla aðgang að bóklegum greinum í fjar- og dreifnámi ásamt því að styrkja og kynna raunfærnimat til þeirra sem nú þegar starfa að iðngreinum.

Til að unnt sé að efla samstarf í fjarnámi er nauðsynlegt að efla fjarskipti á svæðinu. Þekkt er að ákveðin svæði eru svokölluð „skuggasvæði“ hvað varðar internet og hafa setið á hakanum hvað varðar öfluga fjarskiptatækni. Mikilvægt er að ljósleiðaravæða allt svæðið svo unnt sé að nýta fjarnám í heimahúsunum því þarfagreiningin sýndi að eins um þriðjungur nýtir sér þjónustu námsvera sem eru staðsett í öllum þéttbýlum svæðisins.

Sé litið til samfélagsgerðar svæðisins þá þarf bæði að líta til sögunnar og framtíðar. Fólksfækkun hefur verið viðvarandi undanfarin ár og háskólamenntuðum sérfræðingum á svæðinu fækkar. Háskólamenntaðir sérfræðingar hafa tvennum hlutverkum að gegna; annars vegar að sinna þeim verkefnum sem þeir eru ráðnir til og virka sem fyrirmyndir í samfélaginu. Hér um slóðir hefur tíðkast að kaupa þjónustu sérfræðinga til svæðisins sem ekki hafa búsetu hér og sjást því ekki meðal almennings dagsdaglega. Sérfræðingur sem verslar í matinn í kjörbúð staðarins hefur mikið vægi menntunarlega séð þar sem hann er ákveðinn fyrirmynd. Séu sérfræðingar ekki með fasta búsetu tapast þessi faktor í þeirra starfi. Sama á við um iðnaðarmenn. Mikilvægt er að þeir sem hafa í höndum umsýslu þeirra starfa sem krefjast háskólamenntunar geri greinarmun á sérmenntun hvers og eins en leggi ekki allt háskólanám að jöfnu, réttir sérfræðingar séu ráðnir í þau störf sem henta þeirra sérgrein o.s.frv.

Launapróun hins almenna launamanns hefur ekki verið sú sama hér á Norðurlandi vestra og á landinu í heild sinni. Skv. kjarakönnun BHM nú á hausti 2014 eru meðallaun háskólamenntaðra um 550 þús krónur. Mjög fáir hafa tekjur yfir 500 þús á þessu svæði hér sem um ræðir sýndi þarfagreining um að meðallaun á svæðinu hér fara sjaldan yfir 300 þús kr. Til að svæðið sé ákjósanlegt fyrir háskólamenntaða þurfa laun og launaumhverfi að vera

samkeppnishæft. Sama á við um iðnaðarmenn, þjónusta iðnaðarmanna á að vera á sama verði hér á þessu svæði og annars staðar á landinu. Launaumhverfi iðnaðarmanna byggist að einhverju leyti á kaupmætti íbúa á svæðinu og því þarf þjónusta þeirra að haldast í hendur við hækkandi laun almennra launþega.

Þjónusta bóksafns þarf að vera öflug og í tengslum við menntastofnanir samfélagsins. Á framhaldsskólastigi eru gjarnan kenndar ákveðnar kennslubækur í hverju fagi fyrir sig en á háskólastigi er þörf fyrir öflug bókasöfn. Mikilvægt er að efla tengsl við rafræn gagnasöfn á borð við Proquest eða Ebsco Host. Til að slíkar gagnaveitur virki er nauðsynlegt að hafa góða nettengingu.

Efla þarf sýnileika háskólagreina og iðnmenntunar strax í grunnskóla. Mikilvægt er að hefja samstarf við t.d. Háskóla unga fólksins, Vísindavökuna og Háskólalestina. Möguleiki væri á því að hafa hátíð á borð við Vísindavöku meðal sérfræðinga á svæðinu og fá aðra sérfræðinga til svæðisins.

Til að eitthvað af ofangreindu verði að veruleika þarf að setja fram öfluga og varðaða stefnumótun í menntamálum á svæðinu með hagsmunaaðilum menntamála og sveitastjórna.

Ásdís Ýr Arnardóttir (sign).
Uppeldis- og menntunarfræðingur
MA í fötlunarfræði og kennsluréttindi.